



**LÍSA, samtök um landupplýsingar
á Íslandi**

Nánari lýsing á erindum á Haustráðstefnu LÍSU 2020

Staðan 15. október, uppfært reglulega

Landupplýsingar og baráttan við COVID19

Stefán Guðlaugsson og Sölvi Þór Bergsveinsson, Samsýn

Farið yfir hvernig LUK hefur verið notað til að sýna útbreiðslu og skipuleggja aðgerðir gegn COVID19. Fjallað um erlend og íslensk dæmi og sýndar nýjungar sem orðið hafa til í kjölfarið.

Mikilvægi smitrakningar og hagnýting landupplýsinga í Covid-19 faraldrinum

Sigríður Haralds-Elínardóttir og Áslaug Salka Grétarsdóttir, Landlæknisembættið

Byrjað er á fræðilegri umfjöllun um gildi smitrakninga við það að stemma stigu við útbreiðslu smitsjúkdóma. Síðan er fjallað um smitrakningu: Ferli smitrakninga lýst auk þess hvernig landupplýsingar eru hagnýttar. Fjallað um notkun landupplýsinga í rakningarappi og hvort mætti hagnýta landupplýsingar enn betur.

Landupplýsingar fyrir sveitarfélög í tengslum við skipulag og framkvæmdir

Ragnar Frank Kristjánsson, Borgarbyggð

Farið verður yfir stöðu mála í sveitarfélaginu Borgarbyggð hvað varðar skort á landupplýsingagögnum, byggt á reynslusögum úr starfi.

Stafrænt skipulag

Ólafur Árnason, Skipulagsstofnun

Í erindinu verður fjallað um leiðbeiningar og fitjuskrá fyrir skipulagsgerð, en samkvæmt skipulagslögum skal svæðis- og aðalskipulag nú unnið og skilað á stafrænu formi. Gefið verður yfirlit um efnistöku fitjuskráar um gerð stafræns aðalskipulags og greint frá stöðu og næstu skrefum við innleiðinguna en Skipulagsstofnun gefur á næstunni út leiðbeiningar og fitjuskrá um gerð stafræns aðalskipulags og mun í framhaldi miðla leiðbeiningum og standa að þjálfun við gerð stafræns skipulags. Jafnframt verður gefið yfirlit yfir vinnu við að koma gildandi aðalskipulagi á stafrænt form og gefin innsýn í framtíðarverkefni Skipulagsstofnunar á þessu sviði.

Nafnið.is – Örnefnasafn gert aðgengilegt og leitarbært

Emily Lethbridge, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Í þessu erindi verður sagt frá verkefninu Nafnið.is. Verkefnið hefur það að markmiði að gera örnefnasafn sem varðveitt er hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum aðgengilegt öllum og leitarbært. Verkefnið er styrkt af Innviðasjóði Rannís og Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur Háskóla Íslands og er unnið í samstarfi með Landmælingum Íslands. Það er verið að vinna að því að koma upp nýjum gagnagrunni ásamt notendaviðmóti til þess að gera fólki kleift að skoða safnið á eigin spýtur. Með því að veita öllum opinn aðgang að þessum merkilegu gögnum verður bylting hvað varðar möguleika fyrir notkun gagnasafnsins m.a. til fræðslu, skipulagsmála og skemmtunar.

Emily Lethbridge, rannsóknarlektor og sviðsstjóri nafnfræðisviðs, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þjónustukort Byggðastofnunar: Hlutverk, framvinda og áskoranir

Þorkell Stefánsson, Byggðastofnun

Þjónustukortið er gagnvirk kortasjá sem sýnir aðgengi almennings að þjónustu á öllu landinu. Kortinu er ætlað að nýtast í frekari stefnumótun á sviði byggðamála ásamt því að vera upplýsingagefandi fyrir almenning. Vefurinn þjónustukort.is var opnaður 16. júlí 2018.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að gögnin séu opin og í samræmi við það var útbúin niðurhalssíða þar sem hægt er að sækja gögn sem liggja að baki kortinu.

Landupplýsingar og sjálfbær landnýting

Höfundur: Bryndís Marteinsdóttir – Landgræðslan

GróLind er verkefni sem vinnur að því að setja upp kerfisbundna vöktun á ástandi gróður- og jarðvegsauðlindanna og safna og miðla upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra. Í þessu erindi verður farið yfir hvernig landupplýsingatækni er notuð og mun verða nýtt í GróLind m.a. við skráningu gagna í mörkinni, við athuganir á beitaratferli sauðfjár (GPS-kindur), við vöktun landnotenda og til að fá reglubundið ástandsmat af gróður- og jarðvegsauðlindunum með hjálp gervigreindar.

Gammabakgrunnur á Íslandi

Gísli Jónsson, eðlisfræðingur, sérfræðingur hjá Geislavörnum ríkisins

Allt okkar umhverfi er náttúrulega geislavirkt en helstu geislavirku efnin eru Kalín (K-40), Úraníum (U-238) og Þóríum (Th-232) og dótturefni þeirra. Geislavarnir ríkisins hafa á undanförunum árum mælt gammageislun í umhverfi okkar til þess að kortleggja þann þátt í geislaálagi landsmanna.

Annar tilgangur þessara mælingar er að eiga auðveldara með að meta breytingar á umhverfisgeislun á Íslandi ef upp kæmi meiriháttar geislaálag á Íslandi. Niðurstöður mælingar gætu hugsanlega einnig nýst við kortlagningu á jarðvegi eða bergrunni Íslands.

Í erindinu verður fjallað um mælibúnaðinn og farið yfir helstu mæliaðferðir auk þess að segja frá helstu niðurstöðum verkefnisins sem er enn í vinnslu.

Já's new map: switching from raster to vector

Matt Riggott, Ja.is

In early 2020 ja.is switched from a tiled raster map to a vector map using Mapbox Vector Tiles. In this talk Matt discuss why we did it, what benefits we get from vector tiles, and what we want to do with the map in the future.

Matt Riggott is a programmer and cartographer at Já, and fellow of the Royal Geographical Society.

Lifandi gögn í umhirðu borgarlandsins

Reykjavíkurborg, Jörgen Þormóðsson

Sagt verður frá og sýnt hvernig verktakar og eftirlitsfólk skráir verkefni sín í gegnum vefsjár, sem síðan tryggir það að umsjónaraðilar hafi alltaf aðgang að nýjustu upplýsingum. Hluti þeirra gagna sem verða til eru svo einnig birt almenningi.

Frá fjöllum og út í sjó – landupplýsingar Umhverfisstofnunar

Jóhannes B. Jensson, Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun sinnir verkefnum frá hálendinu og út fyrir fjöruborðið. Vatnshlot, seyra, friðlýst svæði, fellipunktur, áfangastaðir, mælistöðvar og margt fleira er hnitsett og notað við útreikninga, skýrslugerð og sumu skilað í samevrópskar gagnalindir.

750.000 kílómetrar af örflæði, hvað nú?

Eyþór Máni Steinarsson, Rekstrarstjóri hopp

Nú hefur verið starfrækt deilihlaupahjólaleiga í Reykjavík í eitt heilt ár, og í kringum leiguna hefur orðið til heill hellingur af gögnum. Rekstrarstjóri Hopp talar um hverskonar gögn þetta eru, hvað er hægt að gera við þau og hvernig við getum bætt umferðarumhverfi Reykjavíkur og annara borga fyrir þennan ferðamáta framtíðarinnar.

Rathlaupakort - kortlagning og notkun

Gísli Örn Bragason, Rathlaupafélagið Hekla

Rathlaup eða orienteering hefur verið stundið á Íslandi í 10 ár en Norðurlöndunum hefur íþróttin verið vinsæl meðal almennings og stunduð þar í yfir 100 ár. Saga íþróttarinnar er nátengd sögu kortagerðar og notkunar korta í hernaði. Á Norðurlöndunum hefur verið lögð áhersla að þjálfa kortalestur barna og unglunga með nákvæmum rathlaupakortum af skólalóðum og nágrenni þeirra. Rathlaupakortagerð byggir á góðu hæðalíkani, loftmyndum og vettvangsathugunum. Nákvæmari kortagögn einfalda teiknivinnuna en áskorun kortateiknara felst í því að gera umhverfið skiljanlegt á einfaldan hátt. Góður rathlaupari þarf að geta lesið og einfaldað kort í huganum þannig hægt sé að rata eftir þeim á hlaupahraða með aðstoð áttavita.

Breytt heimsmynd – breyttar ferðavenjur

Kristinn Jón Eysteinnsson, Reykjavíkurborg

Hversu mikið getum við haft áhrif á ferðavenjur okkar og hvað þarf til..

Framsetning tölfraeðilegra gagna úr samgöngutengdum verkefnum sem veita mjög áhugaverða innsýn í þær breytur sem haft geta áhrif á ferðavenjur okkar og hvert sé raunhæft að stefna í þeim málum.

Hversu mikið mun Covid tímabil haft áhrif á ferðavenjur okkar til frambúðar.
